

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Ellíðaárdalur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 15. desember 2020, deiliskipulag fyrir borgargarðinn í Ellíðaárdal. Skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 sem er fellt úr gildi að hluta þar sem svæði utan hinnar nýju skipulags-afmörkunar halda gildi sínu með síðari breytingum. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfis-verndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Ellíðaárnar og skilgreindir helstu útivistar- og áningarstaðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi og kemur í stað áður birtrar auglýsingar nr. 349/2021.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 28. apríl 2021.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 28. apríl 2021